


Nr.: NSL-034	Tækniskólinn	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 29.11.2018		
Höf: KOK	Skemmtibátanámskeið	
Ábm: Vilbergur Magni Óskarsson		
Síða 1 af 1		

Markmið námskeiðs:

Markmið námsins er að mennta þá sem hyggjast afla sér réttinda til skipstjórnar á skemmtibátum sem eru 24 metrar að lengd eða styttri.

Inntökuskilyrði:

Allir geta tekið þetta námskeið en Samgöngustofa setur reglur um útgáfu á skemmtibátaréttindum.

Tímalengd:

Miðað er við að nemendur verji að lágmarki 48 klukkustundum í þetta nám.

Siglingafræði

Miðað er við að nemendur verji að lágmarki 24 klukkustundum í þennan námshluta.

Siglingareglur og sjóréttur

Miðað er við að nemendur verji að lágmarki 12 klukkustundum í þennan námshluta.

Stöðugleiki og skipstjórn

Miðað er við að nemendur verji að lágmarki 12 klukkustundum í þennan námshluta.

Fjöldi nemenda:

Fjöldi nemenda í fjarnámi er ótakmarkaður í þessu námi.

Almenn lýsing námskeiðs:

Á skemmtibátanámskeiði er kennt bóklegt nám og er námið kennt í fjarnámi. Nemendur fá aðgang að öllum fyrirlestrum, kennsluefni og verkefnum ásamt öllum leiðbeiningum í upphafi námskeiðs. Nemendur læra siglingafræði, siglingareglur, stöðugleika báta, hönnun báta og öryggismál sem eru beintengd við örugga stjórnun skemmtibáta.

Eftir að nemendur hafa lokið við bóklegt námskeið geta nemendur tekið verkleg próf á skemmtibáta.

Verklegu prófin á skemmtibáta skiptast í verklegt próf á vélbát og í verklegt próf á seglbát.